

AUGLÝSING

um umferð á Sauðárkróki.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu bæjarstjórnar Sauðárkróks hafa eftirtaldar reglur verið ákveðnar varðandi umferð á Sauðárkróki:

Á Strandvegi verður aðalbrautarréttur. Biðskylda verður því á Aðalgötu gagnvart Strandvegi, á Freyjugötu gagnvart Strandvegi og á sundi norðan Rafsjár gagnvart Strandvegi.

Reglur þessar taka gildi nú þegar.

Lögreglustjórinn á Sauðárkróki, 11. september 1991.

Sigríður J. Friðjónsdóttir, aðalfulltrúi.

Nr. 442

20. september 1991

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um vörubifreiðar og sendibifreiðar, sem notaðar eru til leiguaksturs og takmarkanir á fjölda þeirra, nr. 121/1990, ásamt síðari breytingum.

1. gr.

27. tölul. 7. gr. orðist svo:

Á félagssvæði Vörubílstjórafélags Suðurnesja, sem er Keflavík, Njarðvík, Vatnsleysustrandar-, Gerða-, Miðnes- og Hafnahreppur. Hámarkstala er 25 vörubifreiðar.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um leigubifreiðar, nr. 77/1989, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 20. september 1991.

Halldór Blöndal.

Elín Helgadóttir.

Nr. 443

16. september 1991

GJALDSKRÁ

fyrir heilbrigðiseftirlit á starfssvæði Heilbrigðiseftirlits Eyjafjarðar.

1. gr.

Af eftirlitsskyldri starfsemi á starfssvæði heilbrigðiseftirlits Eyjafjarðar er sveitarstjórn um heimilt að innheimta gjöld svo sem greinir í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Eftirlitsskyldum fyrirtækjum er skipt í fjóra flokka eftir gerð og umfangi, sbr. fyrirtækjalista sem fylgir með gjaldskrá þessari.

Færsla fyrirtækja milli flokka skal staðfest á sama hátt og gjaldskrá þessi og listi.